

Ár 2012, föstudaginn 11. maí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánsyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra fjölmiðlanefndar

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 með síðari breytingum, sbr. 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 2. október 2011 frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem þess var óskað að kjararáð ákvarði launakjör framkvæmdastjóra fjölmiðlanefndar. Í bréfinu segir að í 7. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011 sé fjölmiðlanefnd lýst sem sjálfstæðri stjórn-sýslunefnd sem heyri undir mennta- og menningarmálaráðherra. Nefndin annist eftirlit samkvæmt lögnum og daglega stjórn-sýslu á því sem sviði sem lögin taki til. Samkvæmt 9. gr. laganna sé fjölmiðlanefnd heimilt að ráða framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn til að annast, í umboði hennar, daglega framkvæmd og stjórnun þeirra verkefna sem nefndinni séu falin samkvæmt lögum. Framkvæmdastjóri beri ábyrgð á fjárreiðum fjölmiðlanefndar. Hann skuli hafa háskólamenntun og búa yfir sérþekkingu á sviði fjölmiðlamála. Samkvæmt 10. gr. laganna skuli fjölmiðlanefnd stuðla að því að markmiðum og tilgangi laganna verði náð. Hlutverki og verkefnum fjölmiðlanefndar samkvæmt fjölmiðlalögum er lýst í bréfinu og einnig er gerð grein fyrir verksviði framkvæmdastjóra fjölmiðlanefndar.

Í bréfinu kemur fram að refsheimildum fjölmiðlanefndar svipi mjög til þeirra heimilda sem Samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið hafi samkvæmt lögum. Fjölmiðlanefnd sé heimilt að leggja á hvort tveggja dagsektir og stjórnvaldssektir, sbr. IX. kafla fjölmiðlalaga. Þá séu ákvarðanir fjölmiðlanefndar fullnaðarúrlausnir á stjórn-sýslustigi og sæti því ekki stjórn-sýslukæru til ráðuneytisins eða úrskurðarnefndar. Fram kemur að fjölmiðlanefnd hafi heimild til að gera nauðsynlegar athuganir á starfsstöð fjölmiðils eða stað þar sem gögn séu varðveitt þegar ríkar ástæður séu til að ætla að brotið hafi verið gegn ákveðnum ákvæðum fjölmiðlalaga. Framkvæmdastjóranum sé ætlað að hafa umsjón með undirbúningi ákvarðanatöku og úrskurða á sama hátt og forstjórar fyrrnefndra eftirlitsstofnana. Fyrirsjáanlegt sé að álag verði á nefndinni, sérstaklega framkvæmdastjóra hennar sem annist umsjón með daglegum störfum í umboði nefndarinnar. Þá telji ráðuneytið nauðsynlegt að sérstakt tillit verði tekið til þess við mat á álagi að um eftirlit með fjölmiðlum sé að ræða. Reynslan í nágrennaríkjum Íslands sýni að fjölmiðlar fjalli gjarnan um úrskurði og ákvarðanir fjölmiðlaeftirlitsstofnana, enda séu fjölmiðlar sjálfir í einstakri aðstöðu til að gæta hagsmuna sinna gagnvart stjórnvöldum sem setji þeim ramma. Því sé viðbúið að nefndin og framkvæmdastjóri hennar þurfi að þola töluverða opinbera umfjöllun. Það sé mat ráðuneytisins að starfi framkvæmdastjóra fjölmiðlanefndar megi, með hliðsjón af hinu umfangsmikla lögbundna eftirliti og víðtækum sektarheimildum, einkum jafna við störf forstjóra Samkeppniseftirlitsins og forstjóra Fjármálaeftirlitsins.

Með bréfum dagsettu 18. október 2011 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti og fjölmiðlanefnd kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Jafnframt var framkvæmdastjóranum gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið, sbr. 13. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993.

Í bréfi fjármálaráðuneytis dagsettu 10. nóvember 2011 er ekki tekin afstaða til erindisins. Í bréfi fjölmiðlanefndar dagsettu 10. nóvember 2011 segir að nefndin hafi kynnt sér bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis og hyggist nefndin ekki leggja fram greinargerð af sinni hálfu.

Í bréfi framkvæmdastjórans til kjararáðs dagsettu 4. nóvember 2011 segir að markmið fjölmiðlalaga sé að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi. Markmið laganna sé jafnframt að koma á samræmdri löggjöf á vettvangi fjölmiðlunar óháð því miðlunarformi sem notað sé. Fjölmiðlanefnd sé eftirlitsstofnun með réttindum og skyldum fjölmiðla samkvæmt fjölmiðlalögum. Nefndinni sé ætlað að sinna eftirliti með lýðræðislegum reglum líkt og algengt sé erlendis. Mörg ákvæði fjölmiðlalaga byggja á tilskipunum Evrópusambandsins sem ekki hafi verið haft eftirlit með síðan Ísland gerðist aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Fjölmiðlanefnd geti ákveðið að umsækjandi fái ekki leyfi, uppfylli hann ekki þær skyldur sem settar eru í fjölmiðlalögum. Hún geti bannað miðlun efnis að undangenginni lögmætri málsmeðferð eða afturkallað leyfi samkvæmt 52. gr. fjölmiðlalaga. Þá geti fjölmiðlanefnd gefið álit telji hún brotið gegn ákvæðinu um lýðræðislegar grundvallarreglur eða beitt stjórnvaldssektum hvetji fjölmiðill til refsiverðrar háttsemi. Allar slíkar ákvarðanir varði mörk tjáningarfrelsis og því grundvallarmannréttindi hér á landi. Ákvarðanir fjölmiðlanefndar séu fullnaðarúrlausnir á stjórnsýslustigi og sæti því ekki stjórnsýslukæru til ráðuneytis eða úrskurðarnefndar. Fjölmiðlanefnd sé ríkisstofnun sem fari með viðamikil hlutverk sem einkum megi jafna til Samkeppniseftirlitsins og Fjármálaeftirlitsins. Ætla megi að fjölmiðlanefnd stækki verulega sem ríkisstofnun eigi hún að geta sinnt þeim verkefnum sem henni eru falin í lögum og leiða má af alþjóðlegum skuldbindingum.

Framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar fékk send svör fjármálaráðuneytis og fjölmiðlanefndar til kynningar með bréfi dagsettu 18. nóvember 2011 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þeirra.

Framkvæmdastjórinn kom á fund kjararáðs 29. mars 2012 og gerði nánari grein fyrir verkefnum og umsvifum fjölmiðlanefndar.

III.

Samkvæmt 1. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011 er markmið laganna að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi. Markmið laganna er jafnframt að koma á samræmdri löggjöf á vettvangi fjölmiðlunar óháð því miðlunarformi sem er notað. Samkvæmt 3. gr. fjölmiðlalaga gilda lögum um alla fjölmiðla sem miðla efni handa almenningi hér á landi að teknu tilliti til ákvæðis 4. gr. laganna. Þau gilda því um allt hljóð- og myndefni í læstri eða ólæstri dagskrá, línulegri dagskrá eða eftir pöntun sem og allt ritefni hvort sem því er miðlað á prentuðu eða öðru sambærilegu formi eða með rafrænum hætti.

Samkvæmt 7. gr. fjölmiðlalaga er fjölmiðlanefnd sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra. Nefndin annast eftirlit samkvæmt lögum og daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögum ná til. Ákvörðunum fjölmiðlanefndar samkvæmt lögum verður ekki skotið til annarra stjórnvalda. Samkvæmt 9. gr. laganna er nefndinni heimilt að ráða framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn til að annast í umboði hennar daglega framkvæmd og stjórnun þeirra verkefna sem nefndinni eru falin samkvæmt lögum. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á fjárreiðum fjölmiðlanefndar. Hann skal hafa háskólamenntun og búa yfir sérþekkingu á sviði fjölmiðlamála.

Samkvæmt 10. gr. fjölmiðlalaga skal með starfsemi fjölmiðlanefndar stuðlað að því að markmiðum og tilgangi laganna verði náð. Skal nefndin vinna að því að efla fjölmiðlalæsi,

fjölbreyni og fjölraði í fjölmiðlum og standa vörð um tjáningarfrelsi og rétt almennings til upplýsinga. Nefndin skal sérstaklega stuðla að því að vernd barna sé virt, samkvæmt fyrirmælum laganna. Þá segir að fjölmiðlanefnd skuli fara með þau verkefni sem henni eru falin lögum samkvæmt. Nefndin skal meðal annars fylgjast með því að fjölmiðlaveitur fari að fyrirmælum laganna, taka ákvarðanir í málum samkvæmt þeim og beita viðurlögum þegar við á, fylgjast með stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði og safna upplýsingum þar að lútandi. Nefndin skal annast samskipti við sambærileg stjórnvöld í öðrum EES-ríkjum og alþjóðastofnanir um málefni á starfsvettvangi sínum. Þá skal hún annast eftirlit með skráningarskyldu og veitingu leyfa til hljóð- og myndmiðlunar, tryggja að lögboðnar upplýsingar um allar fjölmiðlaveitur séu til staðar og annast eftirlit með innihaldi og framsetningu hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni sem og viðskiptaboða í prentmiðlum og rafrænum ritmiðlum. Fjölmiðlanefnd er heimilt að leggja á dagsektir og stjórnvaldssektir, sbr. ákvæði IX. kafla fjölmiðlalaga. Þá getur nefndin ákveðið að umsækjandi fái ekki leyfi, uppfylli hann ekki þær skyldur sem settar eru í fjölmiðlalögum. Einnig getur hún bannað miðlun efnis að undangenginni lögmætri málsmeðferð eða afturkallað leyfi, sbr. 52. gr. laganna. Áður hefur komið fram að ákvarðanir nefndarinnar eru fullnaðarúrlausnir innan stjórnsýslunnar og sæta ekki stjórnsýslukæru.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Fjölmiðlanefnd er ný, sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem annast eftirlit með fjölmiðlum samkvæmt lögum um fjölmiðla nr. 38/2011. Við ákvörðun launakjara framkvæmdastjóra fjölmiðlanefndar hefur verið tekið mið af hlutverki og valdheimildum nefndarinnar og hliðsjón höfð af stofnunum sem fara með eftirlitshlutverk svo sem Samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun framkvæmdastjóra fjölmiðlanefndar skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. október 2011 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra fjölmiðlanefndar vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkur 137, krónur 764.892 frá 1. október 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 791.663 frá 1. mars 2012.

Að auki skal greiða honum 17 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Eining er 1% af launaflokkur 502-132, krónur 6.473 frá 1. október 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 6.700 frá 1. mars 2012.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjóra fjölmiðlanefndar gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson